

Skýrsla stjórnar Skagafjarðarveitna ehf fyrir starfsárið 2011

Ekki hefur verið ráðist í nýjar hitaveitur frá efnahagshruninu 2008 en á árinu 2011 varð breyting á. Lögð var hitaveita í Sæmundarhlíð og tengdir 12 bæir og einn sumarbústaður, en þessari framkvæmd var frestað árið 2009. Heildarkostnaður varð 40,8 mkr og var framlag veitunnar 15,2 mkr þ.e. þegar búið var að draga frá tengigjöld og styrki. Ekki þótti annað forsvaranlegt en að leggja ljósleiðararör með hitaveitunni og var kostnaður við það 2,2 m kr.

Aðrar helstu framkvæmdir í hitaveitum voru: Við dreifikerfið á Sauðárkróki: Endurnýjun og stækkun kerfisins á Eyrinni og í Borgarsveit v/ byggingaframkvæmda. Unnið að undirbúningi borunar í Hrolleifsdal sem er fyrirhuguð haustið 2012. Einnig var ráðist í síkkun á dælu í vinnsluholunni í Hrolleifsdal vegna aukinnar vatnsnotkunar og keypt ný varadæla í þá holu. Rafmótor sem passar bæði á dæluna í Hrolleifsdal og í Varmahlíð var einnig keyptur til öryggis og varadæla í holu 12 í Reykjarhóli. Gamla gasskiljan í Varmahlíð einangruð og klædd. Unnið var við holu við Dælislaug í Fljótum og lögð þaðan hitaveitulögn í tvo sumarbústaði við Hópsvatn.

Helstu framkvæmdir í vatnsveitum: Bætt var við dælum í borholur í Skarðsdal í Gönguskörðum til að tryggja vatnsöflun fyrir Sauðárkrók. Unnið við endurnýjun á götulögnum á Sauðárkróki m.a. vegna leka og nýir lokar settir á stofnlagnir til að létta lekaleit í mjög svo lélegu vatnsári.

Fyrir liggur að fara þarf í framkvæmdir við vatnsveitu á Sauðárkróki, en vatnshúsið í Sauðárhlíð er orðið mjög lélegt og þarf að taka ákvörðun um hvort eigi að byggja nýtt hús og bora fleiri holur fyrir ofan Skarð eða virkja nýtt vatnsból í Hrafnal í Tindastóli og leggja nýja lögn frá því til Sauðárkróks, sem er mikil og dýr framkvæmd.

Einnig liggur fyrir að endurnýja lagnir í nokkrum götum í gamla bænum sem annaðhvort eru úr járn og komnar til ára sinna eða plastlagnir með álborbaulum, sem munu tærast upp og valda lekum á mörgum stöðum. Þetta vandamál með álborbaulurnar er eins í flestum bæjarfélögum landsins.

Stjórnin lagði fram tillögur til sveitarstjórnar um hagræðingu og sparnað í rekstri Skagafjarðarveitna í tengslum við endurskoðun á rekstri sveitarfélagsins.

Leitað var til umboðsmanns Alþingis vegna lánsloforðs Orkusjóðs er tengdist borunum við Kýrholt.


Unnið var að endurskoðun á lánamálum félagsins og skoðun á lögumæti erlendra lána.


Gerð var arðsemisathugun á lögn hitaveitu á Reykjaströnd og í Gönguskörð, sem sýndu að ekki var talinn hagkvæmur kostur að leggja hitaveitu á þessa staði.

Páll Pálsson veitustjóri mun láta af störfum nú í haust. Stjórn Skagafjarðarveitna þakkar Páli fyrir gott samstarf og farsæl störf á liðnum árum og óskum honum velfarnaðar.

Gjaldskrá hitaveitu var hækkuð um 5,0 % á árinu.

Stjórnarfundir voru samtals 12 á árinu. Fastir starfsmenn voru 9 um áramót og þökkum við þeim vel unnin störf.


Einar Gíslason form. stjórnar


Páll Pálsson veitustjóri